

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Sögusvæði



## *Margar hendur vinna létt verk*

### **Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis til umdæmisstjórnarfundar 17 mars 2012**

Starf í klúbbunum á Sögusvæðinu hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur.

Ég hef farið í heimsókn til Ölvers en ekki haft tækifæri til að heimsækja aðra klúbba síðan síðasti fundur umdæmisstjórnar var haldinn, en stefni á frekari heimsóknir á næstunni.

Helgafell er mjög öflugur klúbbur og er með öflugra starfssemi og mætingar viðunandi.

Ós starfar af krafti og virðist mér að starf félaganna við umsjón umdæmisþings hafi verið til góðs fyrir klúbbinn og þjappað félögunum betur saman. Hjá þeim eru tveir væntanlegir félagar í aðlögun og stefnt á að taka þá inn á vordögum.

Eldfell starfar vel og eru tveir væntanlegir félagar í aðlögun. Eldfell eru næstir til að tilnefna kjörsvæðisstjóra samkvæmt þeirri röð sem samþykkt var þegar Sögusvæðið var stækkað. Þeir eru ekki reiðubúinir til þess og eru Ósmenn næstir á eftir þeim og eru núna að leita að félagum sem er reiðubúinir að taka það að sér.

Mosfell er með einn væntanlegan félag í aðlögun og starf klúbbsins ágætt.

Búrfell hefur starfað með hefðbundnu sniði, engin fjölgun er í sjónmáli en starf klúbbsins gott. Klúbburinn hefur verið með fundi á tveim stöðum undanfarið, félagsmálafundi í kaffistofu hjá iðnfyrirtæki og almenna fundi á Hótel Selfossi. Núna býðst klúbbnum húsnæði sem hentar mjög vel og getur klúbburinn verið þar með allar eigur sínar, en þær hafa verið dreifðar á félagum klúbbsins.

Ölver hefur verið með einn væntanlegann félag í aðlögun og á að taka hann inn í klúbbinn í kvöld en þá er árleg skemmtun sem þeir kalla Gelluna.

Mætingar hjá Ölver eru ekki nógu góðar að mínu mati og var td enginn fundur í desember en þá eru þeir með jólatréssölu og í janúar var ekki bókaður fundur en þá voru þeir með þorablót.

Þann 31 mars er svæðisráðsfundur á Selfossi og er stefnt að því að Ós félagar og Helgafellsfélagar geti tengst inn á fundinn með fjarfundarbúnaði.

Þetta er tilraun sem ákveðið var á síðasta svæðisráðsfundi að gera og verður síðan metið hvort framhald verður á því.

Ágúst Magnússon svæðisstjóri Sögusvæðis

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Sögusvæði



*Margar hendur vinna létt verk*

